

Umsögn

um fjárlög 2021

1. mál, lagafrumvarp RSS þjónusta

151. löggjafarþing 2020–2021.

desember 2020

Afstaða, félag fanga og annarra áhugamanna um bætt fangelsismál og betrun, óskar hér með eftir því að fjárlaganefnd Alþingis veiti féluginu 20 milljóna króna fjárstyrk af fjárlögum til að standa straum af kostnaði ársins 2020, sem að mestu leyti var ófyrirséður vegna COVID-19 faraldursins.

Þrátt fyrir að Afstaða hafi lagahlutverki að gegna og starfsemi félagsins spanni fimmtán ár hafa öll störf og verkefni verið unnin í sjálfbodavinnu. Aðstandendur Afstöðu hafa lagt féluginu til fjármuni öll þessi fimmtán ár til að hægt væri að halda úti starfsemi sem ætti að vera á hendi ríkis og sveitarfélaga. Nú er svo komið að félagið Afstaða fær um níu hundruð erindi á ári, frá föngum og sérstaklega fjölskyldum fanga sem eins og fangar geta hvergi annað leitað eftir aðstoð.

Afstaða hefur skapað sér sess í samféluginu. Þangað geta allir leitað sem áhuga hafa á fangelsismálum. Félagið heldur fyrirlestra fyrir lögfræðinema, lögreglunema, fangaverði og nema í afbrotafræði. Það sama á við um menntaskólana þar sem fulltrúar félagsins halda tugi fyrirlestra á hverju ári.

Fulltrúar Afstöðu hafa viðveru á skrifstofu félagsins frá 10-18 virka daga auk þess að sinna símaþjónustu allan sólarhringinn. Fulltrúar félagsins hafa unnið í þágu utanríkisráðuneytisins í þrígang aðeins á þessu ári verkefni sem aldrei voru skráð sökum þagnarskyldu en útheimtu margra klukkustunda vinnu, dags og nætur.

Afstaða er grásrótarfélag sem hefur tengingar í allar áttir. Félagið er að setja á fót miðstöð endurhæfingar í Holtagörðum þar sem AA-samtökin eru til húsa og þar er veitt þjónustu sem sniðin er að þörfum fanga og aðstandenda í samstarfi við fagfólk á hverju sviði.

Fangelsismálastofnun og Afstaða eiga í mjög góðu samstarfi og árangurinn af starfi félagsins sýnir sig í auknum áhuga góðgerðasamtaka, stofnanna, ráðuneyta, félagsþjónustu, þingmanna, sérfræðinga, háskólanema og annarra sem óskað hafa eftir aðstoð og upplýsingum. Yfirvöld hafa sýnt féluginu mikið traust og lýst því yfir

að nauðsynlegt sé að veita fjármagni í málaflokkinn. Það er nauðsynlegt að veita Afstöðu fjárstyrk til þess að halda þessu góða starfi áfram.

Afstaða mun með fjárstuðningi stjórnvalda færa fyrrverandi fanga af örorkubótum og inn á vinnumarkað. Afstaða geginir mikilvægu samfélagslegu hlutverki sem miðar að því að draga úr afbrotum og fækka þannig þeim sem verða fyrir áföllum. Afstaða mun sýna fram á jákvæða breytingu í þessa átt og með starfsemi sinni. Til þess þarf kjark, þor og fjárstuðning.

Fulltrúar Afstöðu eru reiðubúnir að koma á fund nefndarinnar til að fara yfir beiðni félagsins og skýra nánar hvernig þessum fjármunum verður varið til betri framtíðar.

Virðingarfyllst,

Guðmundur Ingi Þóroddsson
formaður Afstöðu